

Ed.

472. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar landnáms ríkisins og jarðeignadeildar um frumvarpið og fengið þaðan nauðsynlegar upplýsingar um jörðina. Jarðeignadeildin telur ekki ástæðu til að hafa á móti að heimila söluna. Landnámsstjóri telur litlar líkur til, að jörðin byggist, og er því hlynntur, að jörðin sé seld með það fyrir augum, að kaupandi geri á henni umbætur. Í þriðja lagi hefur nefndinni borizt símskeyti frá hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, þar sem hún mælir með sölu jarðarinnar án skilyrða af hálfu hreppsnefndar. Að athuguðu máli mælir landbúnaðarnefnd með því, að frumv. verði samþykkt. — Jón Þorsteinsson var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. marz 1963.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson,
fundaskr.

Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.